

gildi, sbr. 2. mgr. 3. gr., eða kæra er send dómara, sbr. 5. gr., skal rita athugasemd um það á afritið.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 112. gr. laga nr. 74 21. ágúst 1974 um meðferð opinberra mála og öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sektargerðir lögreglumanna, nr. 107 12. júlí 1967, sbr. reglugerð nr. 204 24. júní 1974.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. febrúar 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

19. janúar 1982.

Nr. 49.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 394/1980, með síðari breytingum, um uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna reksturs bifreiða hreyfihamlaðra.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Uppbót skal á fyrri helmingi ársins 1982 nema kr. 2 000 og vera hin sama handa öllum þeim er hennar njóta.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 36/1980, um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. janúar 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

15. febrúar 1982.

Nr. 50.

GJALDSKRÁ

fyrir heyrnarmælingar Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands á vinnustöðum.

1. gr.

Gjald fyrir hverja heyrnarmælingu á vinnustöðum, sem unnin er á vegum Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, skal vera kr. 52.

2. gr.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

3. gr.

Framangreind gjaldtaka, sem ákveðin er með heimild í 7. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, öðlast gildi frá og með 1. mars 1982 að telja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. febrúar 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.